

Fréttabréf Vallarsels

Mars 2018

Skólastarfið

Allt skólastarf er á fullu eins og endranær og fullt af skemmtilegum verkefnum í gangi. Við erum aðeins farin að finna fyrir að vorið er vonandi á næsta leiti og þá kemur alltaf þínu galsi og tilhlökkun í mannskapinn.



Sumarið 2018

Eins og áður hefur verið tilkynnt þá mun skólinn loka í 4 vikur í sumar frá 9.júlí-3.ágúst og opna aftur þriðjudaginn 7.ágúst.



Foreldraviðtöl að vori

-standa nú yfir og eru langt komin á einhverjum deildum. Viðtöl fyrir elsta árgang verða 23.og 24.apríl n.k. og viðtöl fyrir Skarð verða líklega ekki fyrr en seinni hlutann í apríl vegna veikinda deildarstjóra.

Vorskóli

Dagana 10.-12.apríl verður vorskóli í Grundaskóla fyrir þau sem fara í þann skóla og 16.-18.apríl í Brekkubæjarskóla. Þetta verður allt auglýst nánar á deildunum þegar nær dregur.

Páskafrí og skipulagsdagur

Dagana 29.mars - 2.apríl er páskafrí hjá öllum og skólinn því lokaður. Þriðjudaginn 3.apríl er skipulagsdagur starfsmanna og þá er lokað líka. Opnum aftur miðvikudaginn 4.apríl kl. 6.45. Á skipulagsdaginn fara starfsmenn á námskeið í Vináttuverkefni Barnaheilla, en það námsefni munum við innleiða á öllum deildum frá næsta hausti.

Ástæða er svo til að minna á samþykkt bæjarstjórnar að frá hausti 2018 er leikskólunum ekki skylt að hafa skipulagsdaga á fyrsta virka degi á nýju ári eða eftir páskafrí, heldur eingöngu á sömu dögum og skipulagsdagar grunnskólanna eru. Einnig að minna á þann vilja

foreldraráðs að heimila leikskólanum að skipta einhverjum skipulagsdögum ef til kemur. Ekkert er búið að ákveða í því sambandi, en verður örugglega skoðað á næsta skólaári og þá til samræmis við skipulagsdaga grunnskólanna.

Lestraráttak

Seinna í apríl ætlum við að hvetja til lestrarátaks foreldra á öllum deildum og verður útfærslan á því auglýst eftir páska. Í leikskólanum er mikið lesið á hverjum degi en markmiðið er að hvetja foreldra til að eiga næðisstundir heima með börnum sínum og lesa fyrir þau og með þeim. Það er margsannað að slíkar stundir skila, bæði foreldrum og börnum, miklum gæðum, góðum tengslum og auknum orðaforða og skilningi. Allt það hjálpar börnunum að fóta sig í skólakerfinu og út í lífið. Við hvetjum ykkur til að taka þátt !



Mikilvægar dagsetningar á næstunni: Nánar verður sagt frá þeim er nær dregur.

10.-12.apríl vorskóli í Grundó

16.-18.apríl vorskóli í Brekkó

18.apríl afa- og ömmukaffi

19.apríl sumardagurinn fyrsti - **leikskólinn lokaður**

26.apríl árgangamót leikskólanna

1.maí **leikskólinn lokaður**

í maí vortónleikar allra deilda

18.maí útskrift í Tónbergi kl. 14.00

Munum !!! Ekki gleyma öryggi barna í bílum !!!

Við sendum ykkur öllum óskir um gleðilega páska og góða daga með fjölskyldunni

